

**Ed.**

## **430. Frumvarp til laga**

um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

Flm.: Gísli Jónsson.

### **1. gr.**

Til lendingarbóta í Selárdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 25 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarbótasjóði Selárdals að jafri til tölu og lendingarbótasjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

### **2. gr.**

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 25 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Ketildalahrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

### **3. gr.**

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarbótasjóði Ketildalahrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarbótasjóði.

### **4. gr.**

Meðfram strandlengju dalsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarbótasjóðsstjórnar og hreppsnefndar Ketildalahrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 krónum.

### **5. gr.**

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Ketildalahrepps kys. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Ketildalahrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

### **6. gr.**

Eignum lendingarbótasjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hrepps-  
sjóður Ketildalahrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir  
eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarbótasjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarbótasjóð Ketildalahrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Selárdal, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarbótasjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarbótasjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Ketildalahrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarbótasjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarbótasjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkvæmt ósk lendingarbótafélagsins „Brimbrjóts“ í Selárdal og hreppsnefndar Ketildalahrepps.

Lendingarbótafélagið var stofnað nokkru fyrir núverandi ófrið af íbúum í Selárdal til þess að hafa forgöngu um lendingarbætur þar. Hafa þegar fyrir atheina þess verið athuguð skilyrði til lendingarbóta og teikningar gerðar af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Þá hefur félagið einnig safnað nokkru fé í sjóð, sem allt hefur komið inn fyrir frjáls framlög, skemmtanir eða happdrætti, sem félagið hefur gengið fyrir.

Í Selárdal er ágætt útræði og mjög stutt á fiskimið. En lending er þar slæm, nema eitthvað sé að gert. Stórt lón er fyrir framan lendinguna, en fyrir hafátt grandir og sker, sem þó fellur yfir um flóð. Er ætlunin að hlaða grandann upp fyrir flóðhæð og mynda þannig öruggt bátalægi á lóninu, jafnt vetur sem sumar. Mundi þetta bæta stórlega möguleika til sjósóknar á þessum aflasæla stað.